

1. júní 2022

Múlaþing  
Skipulagsfulltrúi  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

### **Umsögn um vinnslutillögu vegna nýs deiliskipulags við Jörfa og Dagsbrún á Borgarfirði Eystri**

Með tölvupósti dagsettum 20. maí sl. barst beiðni f.h. skipulagsfulltrúa Múlaþings um umsögn um vinnslutillögu vegna nýs deiliskipulags við Jörfa og Dagsbrún á Borgarfirði. Tillagan sem hér er til umsagnar er unnin af verkfræðistofunni Eflu, um er að ræða skipulagsupprátt og greinargerð, hvorttveggja dagsett 16.05.2022.

Innan hins skipulagða svæðis verða skilgreindar 27 lóðir, flestar fyrir íbúðarhúsnæði en einnig verða lóðir fyrir veitustarfsemi og léttan iðnað. Fram kemur þegar hafi verið byggt á 18 lóðum á svæðinu en ekkert deiliskipulag sé til fyrir svæðið. Markmið skipulagsins er m.a. að fjölga einbýlis-, par- og raðhúsaloðum í þéttbýlinu. Byggðin mun tengjast núverandi vatns- og fráveitukerfi þéttbýlisins.

*Af hálfu heilbrigðisnefndar eru ekki gerðar athugasemdir við skipulagstillöguna eins og hún er framsett.*

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

